



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 24/2011

**Ákvörðun um sektir vegna vanrækslu N1  
að fara að tilmælum Neytendastofu um verðmerkingar.**

**I.**

**Málsmeðferð**

**1.**

Starfsmaður Neytendastofu fór í þrettán verslanir N1 hf. á höfuðborgarsvæðinu í ágústmánuði 2010 í þeim tilgangi að skoða ástand verðmerkinga. Verðmerkingar voru skoðaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveður á um það að fyrirtækjum sem selja vöru eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt í versluninni, sem og ákvæða reglna um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar, nr. 725/2008. Samkvæmt reglunum skal verðmerking vera skýr, aðgengileg og greinileg svo augljóst sé til hvaða vöru hún vísar. Auk þess var skoðað sérstaklega hvort merkingar á eldsneyti væru í samræmi við reglur nr. 385/2007, um verðmerkingar á bifreiðaeldsneyti.

Skoðunin fer þannig fram að starfsmaður Neytendastofu kannar almennt ástand verðmerkinga, þ.e. hvort söluvörur séu verðmerktar. Þá eru valdar af handahófi tíu vörur og athugað hvort þær séu verðmerktar og hvort hilluverðmerking sé í samræmi við verð á kassa. Niðurstöður skoðunarinnar voru þær að á öllum verslunum voru merkingar á bifreiðaeldsneyti í samræmi við reglur nr. 385/2007 en í 11 verslunum N1 voru gerðar athugasemdir við ástand verðmerkinga inni í verslun.

Starfsmaður í hverri og einni verslun kvittaði fyrir komu Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru. Í lok skoðunarinnar skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf í hverri verslun þess efnis að skoðunin hefði farið fram og að Neytendastofa myndi senda fyrirtækinu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga.

Með bréfi Neytendastofu til N1, dags. 26. ágúst 2010, greindi stofnunin frá niðurstöðum skoðana í verslunum N1 á höfuðborgarsvæðinu og gerði grein fyrir þeim reglum sem í gildi eru um



verðmerkingar. Þá var þeim eindregnu tilmælum beint til fyrirtækisins að koma verðmerkingum í viðunandi horf.

## 2.

Í september 2010 skoðaði Neytendastofa aftur þær verslanir N1 sem gerðar höfðu verði athugasemdir við í fyrri heimsókn. Niðurstöður skoðunarinnar voru þær að bætt hafði verið úr ástandi verðmerkinga í flestum verslunum en aftur á móti voru verðmerkingar í verslunum að Borgartúni, Bíldshöfða, Gagnvegi og Lækjargötu ófullnægjandi. Í verslun N1, Borgartúni, vantaði verðmerkingar á kæli með orkudrykkjum og sólgleraugnastand auk þess sem ekki var samræmi milli hillukants og kassaverðs á einni vöru. Í verslun N1, Bíldshöfða, voru ávextir og hnetubar ekki verðmerktur auk þess sem ekki var samræmi milli hillukants og kassaverðs á einni vöru. Í verslun N1, Gagnvegi, vantaði verðmerkingar á mest allt bakkelsi. Í verslun N1, Lækjargötu, var kortastandur, nammibar, hnetubar og sælgæti á hlið nammibars óverðmerkt. Starfsmaður hvernar verslunarinnar kvittaði fyrir komu Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru.

Með bréfi Neytendastofu til N1, dags. 11. október 2010, greindi stofnunin fyrirtækinu frá niðurstöðum skoðunarinnar auk þess sem gerð var grein fyrir þeim reglum sem gilda um verðmerkingar. Með bréfinu var N1 gefinn kostur á að koma að skýringum eða athugasemdum áður en tekin yrði ákvörðun um framhald málsins á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Ekkert svar barst Neytendastofu

## II.

### Niðurstaða

Í máli þessu hefur N1 ekki sinnt tilmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í verslunum félagsins að Borgartúni, Bíldshöfða, Gagnvegi og Lækjargötu í viðunandi horf.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

*„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“*

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og ákvæðis 18. gr. sömu laga, sem snýr að heimild Neytendastofu til



að gefa fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 725/2008, um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar.

Um verðmerkingar á vörum segir í 1. mgr. 4. gr. verðmerkingareglanna:

*„Gefa skal upp verð á hverri pakkningu eða sölueiningu. Verðið skal setja á vöruna sjálfa, á viðfestan miða eða á umbúðirnar. Einnig er heimilt að verðmerkja vöru með hillumerki, skilti eða verðlista enda uppfylli slíkar verðmerkingar skilyrði 3. gr. þessara reglna.“*

Ákvæði 2. og 3. mgr. 3. gr. reglnanna er svohljóðandi:

*„Verðmerkingin skal vera skýr, aðgengileg og greinileg svo augljóst sé til hvaða vöru eða þjónustu verðmerkingin vísar.*

*Hillumerkingar sem uppfylla lágmarksskilyrði staðals ÍST 81:1997 teljast vera í samræmi við reglur þessar.“*

Samkvæmt framangreindum ákvæðum ber N1 að verðmerkja allar söluvörur sýnar og skulu þær vera réttar. Í máli þessu voru niðurstöður tveggja skoðana á ástandi verðmerkinga hjá N1 að Borgartúni, Bíldshöfða, Gagnvegi og Lækjargötu þær að verðmerkingar væru ekki fullnægjandi. Í síðari skoðuninni voru sérstaklega gerðar athugasemdir við að í verslun að Borgartúni vantaði verðmerkingar á kæli með orkudrykkjum og sólgleraugnastand auk þess sem gerð var athugasemd við samræmi milli hillu og kassaverðs á einni vöru. Í verslun að Bíldshöfða voru ávextir og hnetubar óverðmerktur auk þess sem gerð var athugasemd við samræmi milli hillu og kassaverðs á einni vöru. Í verslun að Gagnvegi vantaði verðmerkingar á mest allt bakkelsi. Í verslun að Lækjargötu voru kortastandur, nammibar, hnetubar og sælgæti á hlið nammibars óverðmerkt. Slíkt telur Neytendastofa óviðunandi og brjóta gegn framangreindum ákvæðum laga nr. 57/2005 og verðmerkingareglna. Eftir fyrri skoðun Neytendastofu var þeim tilmælum beint til N1 að koma verðmerkingum í viðunandi horf. Það var ekki gert í umræddum verslunum og því telur Neytendastofa nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

*„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:*

*[...]*

*b. stjórnvaldsreglum og ákvörðun Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]*

*c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“*



Með vísan til alls framangreinds, fjölda þeirra athugasemda sem gerðar voru við verðmerkingar í verzlunum N1 og að teknu tilliti til meðalhófsreglu stjórnisýslulaga og jafnréttissjónarmiða þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á N1 hf. stjórnvaldssekt að fjárhæð 200.000 kr. (tvö hundruð þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„N1 hf., Dalvegi 10-14, Kópavogi, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæðum 3. og 4. gr. reglna nr. 725/2008, um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar, með óviðunandi verðmerkingum í verzlunum í Borgartúni, Bíldshöfða, Gagnvegi og Lækjargötu. Þá hefur fyrirtækið ekki farið að tilmælum Neytendastofu þess efnis að koma verðmerkingum sínum í viðunandi horf.**

**Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á N1 hf. að fjárhæð kr. 200.000 (tvö hundruð þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“**

Neytendastofa, 9. júní 2011

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir